

Fimmtudaginn 20. mars 1997.

Nr. 317/1996.

Sveinn Aðalsteinsson

(Magnús Thoroddsen hrl.)

gegn

Veidifélagi Langár

(Jónas Aðalsteinsson hrl.)

og gagnsök

Lax- og silungsveiði. Veidifélag. Leigusamningur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðalfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1996. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi greiði sér 4.032.717 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. desember 1995 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. september 1996. Hann krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en því, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar dómkrafna aðaláfrýjanda.

I.

Aðaláfrýjandi er eigandi jarðarinnar Langárfoss í Álftaneshreppi. Hann hafði, frá því er hann eignaðist jörðina 1968, nýtt sjálfur eða leigt veiði í Langá fyrir landi jarðarinnar. Óumdeilt er, að Jóhannes Guðmundsson, Ánabrekku, formaður Veidifélags Langár, hafði um 25 ára skeið leigt af honum alla veiðidaga í júlí og nokkra daga í ágúst ár hvert. Með leigusamningi 14. september 1992 leigði aðaláfrýjandi Jóhannesi og skylduliði hans veiðirétt jarðarinnar til þriggja ára, 1993, 1994 og 1995. Skyldi leigugjaldið vera 5.000.000 krónur fyrir hvert ár. Síðustu gjalddagar samningsins voru 15. október 1994, 15. apríl og 15. júlí 1995.

Veiðifélag Langár var stofnað 30. apríl 1972. Á aðalfundi þess 30. apríl 1994 var samþykkt með sjö atkvæðum gegn sex að leita eftir tilboði í veiðirétt árinna til næstu þriggja ára. Á félagsfundi 4. september 1994 var stjórn félagsins veitt heimild til að semja við Langá hf. um leigu árinna til næstu þriggja ára fyrir 12.500.000 krónur á ári. Var þetta gert með níu atkvæðum gegn atkvæði aðaláfrýjanda, sem sagðist aðeins fá hluta af verðinu, sem hann hefði fengið „undanfarin ár“. Aðaláfrýjandi mótmælti þessari samþykkt og áskildi sér allan rétt til frekari aðgerða. Leigusamningur var undirritaður 9. október 1994. Í þeim samningi var ekki tekið tillit til þess, að eitt ár var eftir af leigusamningi aðaláfrýjanda við Jóhannes Guðmundsson.

II.

Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði var veiðiréttareigendum skylt að stofna með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur væri. Veiðifélagi var með ákvæðinu meðal annars heimilað að selja á leigu rétt til stangaveiði í öllu fiskihverfinu eða hluta þess og að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum. Veiðifélag Langár mun frá upphafi hafa skipt veiði milli félagsmanna og úthlutað veiðihlut. Hins vegar hafði það ekki nýtt sér heimild sína samkvæmt lagaákvæðinu til að selja á leigu rétt til stangaveiði í fiskihverfinu, heldur látið hvern veiðiréttareiganda um að ráðstafa úthlutuðum hluta sínum.

Aðalfrýjandi heldur því fram, að ekki hafi mátt ganga til samninga um leigu á öllum veiðirétti árinna án þess að undanskilja veiðirétt samkvæmt samningi sínum við Jóhannes Guðmundsson vegna ársins 1995, en með samningi veiðifélagsins hafi hann tapað greiðslu síðustu þriggja gjalddaga samnings síns. Hann hafi að vísu fengið í staðinn hluta sinn eftir metinni arðskrá árinna, en hann nam verulega lægri fjárhæð. Jóhannes Guðmundsson hafi verið formaður veiðifélagsins, og því hafi félaginu verið kunnug ákvæði samnings þeirra. Með því að taka tilboði í veiðirétt mestallrar árinna án fyrirvara um leigusamning hans fyrir árið 1995 hafi félagið brotið gegn stjórnarskrárvernduðum eignarrétti hans. Eigi hann því rétt á skaðabótum úr hendi félagsins.

III.

Aðaláfrýjandi mátti alltaf búast við því, að félagið samþykkti að nýta heimild laga nr. 76/1970 til að leigja út veiðiréttinn í heild eða að hluta, enda hafði það oft verið til umræðu. Ákvörðun um að selja á leigu stangaveiði í Langá var tekin á félagsfundi. Aðaláfrýjandi einn greiddi því mótatkvæði og gerði almennan fyrirvara um aðgerðir gegn samþykktinni. Fyrir liggur hins vegar, að hann gerði fundarmönnum ekki grein fyrir efni samnings síns við Jóhannes Guðmundsson um veiðirétt fyrir landi sínu. Stjórnarmennirnir Vífill Oddsson og Einar Ole Pedersen, sem rituðu undir leigusamning 9. október 1994 fyrir hönd veiðifélagsins ásamt Jóhannesi Guðmundssyni, hafa gefið um það yfirlýsingu og staðfest fyrir dómi, að þeim hafi verið ókunnugt um efni samnings aðaláfrýjanda og Jóhannesar. Ekki hafði heldur verið leitað samþykkis félagsins fyrir þessum leigusamningi. Ósannað er því, að félagsmenn hafi mátt vita um efni og gildistíma hans. Vildi aðaláfrýjandi láta taka tillit til samningsins við útleigu Langár, hefði hann orðið að gera félagsfundi skýra grein fyrir honum. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Rétt er, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 25. júní 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 28. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Vesturlands af Sveini Aðalsteinsyni, kt. 050746-4619, Álfatúni 20, Kópavogi, á hendur Veiðifélagi Langár á Mýrum, kt. 640882-0509, Borgarnesi, með stefnu, þingfestri 19. desember 1995.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 4.032.717 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. desember 1995 til greiðsludags, þannig, að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. desember 1996. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi er eigandi jarðarinnar Langárfoss í Álftaneshreppi og hefur verið frá árinu 1968. Frá því að veiðiréttur í Langá hvarf frá Bretum yfir á íslenskar hendur árið 1948 og fram til ársins 1995, hefur hver veiðiréttareigandi nýtt eða leigt út sinn veiðirétt sjálfur. Allan þann tíma hefur stefnandi nýtt veiðirétt sinn í Langá án afskipta veiðifélagsins. Stefnandi hafði um 25 ára skeið leigt formanni Veiðifélags Langár, Jóhannesi Guðmundssyni, Ánabrekku, alla veiðidaga sína í júlí og nokkra daga í ágúst ár hvert.

Með leigusamningi 14. september 1992 seldi stefnandi þeim Jóhannesi Guðmundssyni, Ragnheiði Jóhannesdóttur, Stefáni Ólafssyni, Ásu Björk Stefánsdóttur og Runólfi Ágústssyni á leigu veiðirétt jarðarinnar Langárfoss í Álftaneshreppi í samræmi við tilboð, sem þau höfðu gert stefnanda, dagsett 30. ágúst 1992. Leigutími var til þriggja ára, þ. e. árin 1993, 1994 og 1995, sbr. 1. gr. samningsins. Leigugjald var 5.000.000 kr. fyrir hvert hinna þriggja ára og var verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu, 3235 stig, í september 1992 og skyldi greiða inn á hlaupareikning stefnanda nr. 552 við Sparisjóð Mýrasýslu, Borgarnesi. Samkvæmt leigusamningnum voru síðustu þrjú gjalddagar leigunnar þessir: 15. október 1994, 15. apríl og 15. júlí 1995, og skyldi greiða 1.666.665 kr. í hvert sinn, auk verðbóta.

Veiðifélag Langár var stofnað 30. apríl 1972. Eftir stofnfund var skipuð laganefnd til þess að semja drög að samþykktum félagsins, og átti stefnandi sæti í þeirri nefnd. Samþykktir stefnda voru birtar í Stjórnartíðindum árið 1973 og hafa verið staðfestar af landbúnaðarráðuneytinu í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Samkvæmt 2. gr. samþykktar stefnda tekur félagið til allra jarða, sem liggja að Langá, en þær eru sex í Borgarhreppi og sjö í Álftaneshreppi, hver jörð með eitt atkvæði.

Á aðalfundi Veiðifélags Langár, sem haldinn var 30. apríl 1994, var samþykkt með sjö atkvæðum gegn sex að leita eftir tilboðum í ána til næstu þriggja ára eftir aðalfundinn. Var stjórn félagsins falið að annast framkvæmd málsins. Auglýsti hún eftir tilboðum með tilboðsfresti til 15. ágúst 1994.

Eitt tilboð barst frá tveimur af leigutökum stefnanda, þeim Runólfi Ágústssyni og Stefáni Ólafssyni, ásamt þriðja aðila, Ingva Hrafni Jónssyni. Var tilboðið gert í nafni óskráðs hlutafélags, Langár hf.

Hinn 4. september 1994 var stjórn veiðifélagsins veitt heimild til þess að semja við Langá hf. um 12.500.000 króna leigu á ári næstu þrjú ár. Var það gert með níu atkvæðum gegn atkvæði stefnanda, en tveir skiluðu auðu. Leigusamningurinn var undirritaður 9. október 1994.

Stefnandi höfðaði ógildingarmál á hendur stefnda og Langá hf. í janúar 1995. Hinn 25. febrúar 1995 lét stjórn stefnda efna til nýrrar atkvæðagreiðslu í félaginu um samninginn. Á þeim fundi var samþykkt tillaga um staðfestingu á samningnum frá 9. október 1994 með níu atkvæðum á móti einu. Með dómi, upp kveðnum 10. október 1995, var stefndi sýknaður af kröfum stefnanda í fyrrgreindu máli.

Stefnandi hélt áfram að veita viðtöku leigugreiðslum samkvæmt samningnum frá 14. september 1992 í gegnum bankaábyrgð, sem leigutakar höfðu sett honum hjá Sparisjóði Mýrasýslu, Borgarnesi.

Leigutakar samkvæmt samningnum frá 14. september 1994 höfðuðu riftunar- og endurkröfumál á hendur stefnanda fyrir Héraðsdómi Vesturlands. Með dómi, upp kveðnum 12. október 1995, var leigusamningnum rift og stefnanda gert að endurgreiða leigutökum leigugjald auk dráttarvaxta frá 18. október 1994 til greiðsludags og 120.000 kr. í málskostnað.

III.

Stefnandi vísar til þess, að það hafi verið gildandi hefð á nýtingu veiðiréttinda í Langá, að hver veiðiréttareigandi nýtti eða leigði út sinn veiðirétt sjálfur. Um þessa nýtingarhefð hafi verið samkomulag innan veiðifélagsins, og því hafi hver veiðiréttareigandi getað leigt út sinn veiðirétt án afskipta veiðifélagsins. Samkvæmt 5. gr. samþykta fyrir Veiðifélag Langár og Urriðaár frá 25. ágúst 1973 sé þessi nýtingarheimild staðfest, en þar segi m. a.: „Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar eða viðkomandi landeiganda.“

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að leigugreiðslur fyrir laxveiðirétt hans samkvæmt leigusamningnum frá 14. september 1992 séu eign hans, varin af 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. nú 72. gr. stjórnarskrárinnar. Hafi hann átt eftir að fá greidda leigu fyrir árið 1995 samkvæmt leigusamningnum. Stefnandi hafi verið sviptur þeirri eign með leigusamningi Veiðifélags Langár við Langá hf. frá 9. október 1994. Byggir stefnandi á því, að til þess að firra sig skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda hefði stefndi þurft að undanskilja veiðiréttindi hans í leigusamningnum við Langá hf., sbr. 44. gr., 1. mgr. C, í lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Stefnandi heldur því fram, að samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar verði enginn skyldaður til þess að láta eign sína af hendi, nema fullar bætur komi

fyrir. Krafa stefnanda sé skaðabótakrafa á hendur stefnda um mismun á leigugjaldi því, sem hann eigi eignarréttartilkall til samkvæmt leigusamningnum frá 14. september 1992, og því leigugjaldi, sem stefndi hafi samið um með samningi við Langá hf. frá 9. október 1994.

Stefnandi kveður stefnda og vera bótaskyldan vegna þess afleidda kostnaðar, sem stefnandi hafi orðið fyrir með því að hafa tekið til varna í fyrrgreindu dómsmáli, er leigusamningur stefnda frá 9. október hafi leitt til, en stefnandi kveðst undir rekstri þess máls hafa haft uppi áskilnað um það, að hann myndi höfða skaðabótamál á hendur stefnda, ef hann tapaði endurkröfumálinu, sem leigutakar hans höfðuðu á hendur honum.

Stefnandi kveðst hafa verið í góðri trú allan tímann um, að leigusamningurinn frá 14. september 1992 væri í fullu gildi, bæði vegna hinnar löngu nýtingarhefðar á ánni svo og vegna orða Jóhannesar Guðmundssonar, formanns Veðifélags Langár, eins leigutakans, að sá samningur yrði virtur áfram.

Stefnandi kveðst hafa gert upp héraðsdóminn frá 12. október 1995 með því að endurgreiða viðsemjendum sínum allan höfuðstól leigunnar fyrir árið 1995, og hefur stefnandi sundurliðað dómkröfuv sínar á eftirfarandi hátt í stefnu: þrjár greiðslur, 1.740.340 kr. + 1.749.614 kr. + 1.752.702 kr., samtals 5.242.659 kr. Þar við bætist dráttarvextir, 496.940 kr., og 120.000 kr. í málskostnað, samtals 5.859.599 kr. Enn fremur bætist við þessa fjárhæð málskostnaður sá, sem stefnandi hafi greitt lögmanni sínum í þessu máli, 373.118 kr., þar af 73.267 kr. í virðisaukaskatt. Samtals nemi þessar fjárhæðir 6.232.717 kr. Frá þessari tölu beri að draga arðshlutdeild stefnanda af leigugjaldi Langár árið 1995 samkvæmt leigusamningnum frá 9. október 1994, 17,6% af 12.500.000 kr., sem sé 2.200.000 kr. Krafa stefnanda á hendur stefnda sé því 6.232.717 kr. – 2.200.000 kr. eða 4.032.717 kr. auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Stefnandi reisir kröfu sína um málskostnað á 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og kröfu um dráttarvexti á málskostnað á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styður stefnandi 1. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með síðari breytingum. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, en þurfi að greiða lögmanni sínum virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

Stefndi byggir kröfu sína á því, að stefnandi geti ekki framselt veiðirétt fyrir landi sínu, svo að bindandi sé fyrir stefnda, án þess að leita fyrst eftir samþykki hans.

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði hafi stefndi

fullan ráðstöfunarrétt veiðiréttar í öllu fiskihverfinu eða hluta þess til þess að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum.

Samþykktir stefnda séu í fullu samræmi við 57. gr. laga nr. 76/1970, þar sem segi, að hverjum manni sé óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnar, eftir að veiðifélag hafi verið stofnað. Samkvæmt fyrrgreindum samþykktum stefnda sé það m. a. verkefni stefnda að ráðstafa veiði á þann hátt, sem aðalfundur ákveði. Þar segi og, að félagið taki til allrar veiði á félagssvæðinu. Samkvæmt 5. gr. samþykktanna sé öllum óheimil veiði á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar eða viðkomandi landeiganda. Telur stefndi, að með þessu sé miðað við það, að veiðifélagið hafi ráðstafað veiðiréttinum til hans í samræmi við ákvæði 3. mgr. 57. gr. laga nr. 76/1970. Telur stefndi, að önnur túlkun á ákvæðinu sé röng.

Stefndi mótmælir þeirri málsástæðu stefnanda, að hann hafi hefðað nýtingarrétt veiðinnar. Hefð geti aldrei útrýmt ákvæðum laga nr. 76/1970, að því er varði ráðstöfunarrétt veiðifélags á veiðirétti. Ákvæði laganna feli einungis í sér almenna takmörkun á eignarrétti manna, sem eigi veiðirétt. Takmörkunin komi ekki harðar niður á stefnanda en öðrum eigendum veiðiréttar hér á landi. Ákvæði þessi brjóti því ekki gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Ljóst sé, að ef einstakir eigendur veiðiréttar gætu ráðstafað veiðirétti án nokkurra afskipta veiðifélaga, myndu ákvæði VIII. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 aldrei ná tilgangi sínum. Það fái því ekki staðist, að ákvæði laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, að veiðifélög geti undir nokkrum kringumstæðum orðið bótaskyld, þegar þau taki ákvörðun um að beita lögbundnum rétti sínum til ráðstöfunar á veiðirétti. Þetta eigi sérstaklega við í þeim tilvikum, þar sem félögin hafi ekkert tækifæri haft til þess að taka afstöðu til þess samnings, sem bótaskyldan eigi að byggjast á, eins og sé í þessu tilviki, og hætta á málamyndagerningum augljós. Stefndi kveður aðra veiðiréttareigendur hafa sett fyrirvara vegna ráðstöfunarréttar veiðifélagsins, þar sem ekki hafi verið leitað eftir samþykki stefnda, en í samningi veiðiréttareiganda fyrir landi Grenja við Stangaveiðifélag Reykjavíkur segi, að ef til þess komi, að veiðiréttur Langár verði boðinn út í einu lagi, falli leigusamningurinn niður frá þeim tíma, og leigusala beri að endurgreiða leigutaka þann hluta veiðinnar, sem sé ónotaður. Stefnanda hafi því staðið það næst að gera ráð fyrir þeim möguleika, að stefndi kynni að taka ákvörðun um að bjóða út veiðiréttinn í ánni, og gera nauðsynlegar ráðstafanir í því sambandi. Stefnandi beri því hallann af því, að þessara hagsmuna hafi ekki verið gætt.

Stefndi hafi því haft fullan rétt til þess að ráðstafa veiðiréttinum með leigusamningi við Langá hf. Stefndandi beri hallann af því, að ekki hafi verið leitað eftir samþykki stefnda til þess að leigja veiðiréttinn út til þriggja ára, eins og gert hafi verið með samningnum frá 14. september 1992. Ef stefndandi hefði leitað eftir slíku samþykki, hefði þurft að bera samninginn undir félagsfund, þar sem stjórn félagsins hefði ekki getað veitt slíkt samþykki fyrir hönd félagsmanna. Skilyrðum bótaskyldu sé því ekki fullnægt. Stefndi bendir og á réttaráhrif eigin sakar stefnanda samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins.

Þá bendir stefndi á tómlæti og/eða eftirgjöf stefnanda, ef talið verði, að stefnanda hafi ekki borið að leita eftir samþykki félagsfundar á ráðstöfun veiðiréttarins samkvæmt samningnum frá 14. september 1992. Stefndi kveður stefnanda hvorki hafa gert grein fyrir efni leigusamningsins né hafi hann gert fyrirvara um rétt til bótaskyldu, ef áin yrði boðin út, eins og sjá megi af fundargerð aðalfundar stefnda frá 30. apríl 1994, þar sem tekin hafi verið ákvörðun um að bjóða Langá út í heilu lagi, eða öðrum fundargerðum stefnda vegna sama máls. Stefndandi hafi því fyrirgert öllum hugsanlegum rétti til skaðabóta með því að gefa félagsmönnum stefnda ekki kost á að fjalla efnislega um málið á þeim tíma, er ákvörðun hafi verið tekin um að bjóða veiðiréttinn út, þar sem það hafi ekki verið stjórn félagsins, sem hafi tekið ákvörðunina um að bjóða út veiðirétt í Langá, heldur hafi það verið félagsfundur, sem hafi í hendi sér æðsta ákvörðunarvald í félaginu.

Varakröfu sína um lækun kröfu stefnanda reisir stefndi á því, að stærsti hluti kröfugerðar stefnanda nemi mismun á þeirri greiðslu, sem hann hafi átt rétt á samkvæmt leigusamningnum frá 14. september 1992, og þeirri arðshlutdeild, sem hann hafi fengið samkvæmt leigusamningnum frá 9. október 1994. Sé það rétt, að stefndandi hafi fengið greiddar 2.200.000 kr. samkvæmt leigusamningnum frá 1994, sé mismunurinn 3.042.659 kr., þ. e. a. s. 5.242.659 kr. – 2.200.000 kr.

Stefndi heldur því og fram, að hann geti ekki borið ábyrgð á þeim fjárútlátum, sem stefndandi hafi orðið fyrir í tengslum við málaferli stefnanda við leigutaka samkvæmt samningnum frá 14. september 1992. Orsök þess, að stefndandi hafi orðið fyrir þessum fjárútlátum, hafi verið sú ákvörðun hans að endurgreiða ekki leigutaka þess samnings ofgreidda leigu, og beri stefndandi ekki ábyrgð á þeirri orsök. Jafnframt sé ljóst, að þessi fjárútlát stefnanda verði aldrei talin sennileg afleiðing þess, að stefndi hafi gert leigusamninginn 9. október 1994. Þannig sé skilyrðunum um orsök og sennilega afleiðingu ekki fullnægt, að því er varði þennan þátt kröfugerðar stefnanda, þ. e. a. s. 496.940 kr. + 120.000 kr. + 373.118 kr., samtals 990.058 kr.

Þá byggir stefndi á eigin sök stefnanda til lækkunar á kröfu stefnanda, en stefnandi hafi hvorki gert félagsmönnum stefnda grein fyrir efni leigusamnings síns frá 14. september 1992 né áskilið sér rétt í því sambandi.

Stefndi segir, að eftir að leigusamningurinn frá 9. október 1994 hafi verið gerður, hafi orðið breytingar á rekstri stefnda í ýmsum atriðum, m. a. þurfi ekki lengur að greiða félagsgjöld, sem annars hefðu lent á stefnanda, og sé því krafist lækkunar á kröfugerð stefnanda í samræmi við það. Jafnframt hafi samningurinn frá 9. október 1994 leitt til þess, að eigendur þurfi ekki lengur sjálfir að bera kostnað vegna svokallaðra netadaga, sem leiði til þess, að kostnaður stefnanda lækki vegna samningsins frá 9. október 1994.

Um lagarök vísar stefndi til laga nr. 76/1970 og almennra reglna kröfu-réttarins.

Kröfu um málskostnað styður stefndi XXI. kafla laga nr. 91/1991.

IV.

Samkvæmt lögum nr. 76/1970 hefur stefndi ráðstöfunarrétt á veiði í Langá, og eru félagssamþykktir stefnda í samræmi við þennan lögbundna rétt. Lögin takmarka þannig eignarrétt manna. Með því að takmörkun þessi á nýtingu og ráðstöfun veiðiréttar er almenn, lögbundin takmörkun, telst hún ekki brjóta gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Samningur stefnanda frá 14. september 1992 var gerður til þriggja ára, þ. e. a. s. fyrir veiðiárin 1993, 1994 og 1995.

Óumdeilt er, að eigendur veiðiréttar í Langá hafa fram til ársins 1995 ráðstafað veiði sinni án afskipta stefnda. Verður ekki talið, að þessi nýting á ánni allan þennan tíma girði fyrir, að stefndi geti ákveðið að nýta veiðina með öðrum hætti og í samræmi við lög nr. 76/1970. Ekki verður heldur talið, að samþykktir stefnda hindri aðra nýtingu á ánni en verið hefur. Stefnandi gat því allt eins vænst þess, að stefndi ákvæði aðra og breytta nýtingu veiðiréttar, hvenær sem var. Samkvæmt þessum lögbundna ráðstöfunarrétti á veiði ákvað stefndi að leigja veiði í Langá til Langár hf. með samningi, dagsettum 9. október 1994.

Með hliðsjón af lögbundnum rétti stefnda til þess að ráðstafa veiði í ánni verður ekki talið, að stefnandi hafi getað með samningi við þriðja aðila takmarkað þann rétt án sérstaks samþykkis stefnda og með því bundið stefnda við að ráðstafa veiðirétti í samræmi við hann. Ekki verður heldur talið, að c-liður 44. gr. laga nr. 76/1970 eða 5. gr. samþykktu veiðifélagsins leiði til þess, að nýting stefnanda á veiðirétti sínum í Langá án afskipta stefnda teljist vera samþykki á fyrrgreindum samningi frá 14. september 1992, jafnvel þótt aðili að þeim samningi hafi verið formaður Veiðifélags Langár.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, gat því stefndi ráðstafað veiði

í Langá með samningi við Langá hf. án þess að taka tillit til samnings stefnanda frá 14. september 1992. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir þó rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Veiðifélag Langár, er sýkn af öllum kröfum stefnanda, Sveins Aðalsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
